

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Hr. Halldór Torfason,
framkvæmdastjóri
Sævarhöfða 6-10
112 Reykjavík



Reykjavík, 22. janúar 2013
Tilvísun: UST20120400146/edk


Úrbætur staðfestar vegna eins fráviks


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 18. desember 2012, þar sem áformað var að áminna Malbikunarstöðina Höfða vegna fráviks sem kom fram við reglubundið eftirlit þann 23. mars sl. Frávikið varðar að olíuleifar í fráveitu höfður ekki verið mældar. Þann 3. janúar sl. bárust niðurstöður frárennismælinga og hefur stofnunin metið þær fullnægjandi. Frávikið telst því að fullu bætt og ekki mun koma til áminningar vegna þess.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna þessa fráviks frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Umhverfisstofnun vill minna á að stofnunin hefur veitt rekstraraðila frest til 1. maí 2013 til að ljúka úrbótum vegna þriggja annarra frávikanna, líkt og fram kemur í bréfi frá 18. desember sl. Sendi rekstraraðili staðfestingu á fullnægjandi úrbótum til Umhverfisstofnunar fyrir umræddan frest mun ekki koma til beitingar þvingunarúrræða né gjaldtöku fyrir vinnu við eftirfylgni vegna frávikanna.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur